



## FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR VÁTRYGGINGAFÉLAGS ÍSLANDS HF.

Ár 2015, fimmtudaginn 12. mars, kl. 16:00, var haldinn aðalfundur Vátryggingafélags Íslands hf., kt. 690689-2009, í höfuðstöðvum félagsins að Ármúla 3, 108 Reykjavík.

Hallbjörn Karlsson stjórnarformaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Var Gunnar Sturluson hrl. kjörinn fundarstjóri og Ólafur Lúther Einarsson hdl. fundarritari.

Fundarstjóri kannaði lögmæti fundarins, lýsti hann því yfir að fundurinn væri löglega boðaður og mættir væru á fundinn hluthafar eða umboðsmenn hlutahafa sem færu með samtals kr. 1.421.471.718 atkvæði, eða 58,78% af hlutafé félagsins. Fundarstjóri úrskurðaði fundinn lögmætan til að afgreiða þau mál sem á dagskrá hans voru.

Allir stjórnarmenn í aðalstjórn voru mættir á fundinn, þau Hallbjörn Karlsson, Helga Jónsdóttir, Steinar Þór Guðgeirsson, Guðrún Þorgeirsdóttir og Ásta Dís Óladóttir. Einnig var Bjarni Brynjólfsson, frambjóðandi til aðalstjórnar, mættur á fundinn og Davíð Harðarson, varastjórnarmaður.

Mættir voru endurskoðendur félagsins, sbr. lagaskyldu þar um í lögum um vátryggingastarfsemi, þ.e. Hlynur Sigurðsson og Sæmundur Valdimarsson. Enn fremur var mættur fulltrúi frá Fjármálaeftirlitinu, Jónas Þór Brynjarsson, og fulltrúi frá Kauphöll Íslands, Guðríður Ásgeirsdóttir.

Dagskrá fundarins var svohljóðandi:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins árið 2014.
2. Stjórnin leggur fram til afgreiðslu endurskoðaðan ársreikning félagsins fyrir hið liðna ár.
3. Ákvörðun um tillögu stjórnar um hvernig fara skuli með hagnað félagsins á reikningsárinu og greiðslu arðs.
4. Tillaga um lækkun hlutfjár vegna kaupa félagsins á eigin hlutum.
5. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins.
6. Tillaga um heimild félagsins til að kaupa eigin hluti – endurnýjun heimildar.
7. Kosið í stjórn félagsins.
8. Ákvörðun um þóknun til stjórnar og undirnefnda hennar.
9. Kosning endurskoðunarfélags í samræmi við lög um vátryggingastarfsemi.
10. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu.
11. Önnur mál.

Var þá gengið til dagskrár:

### 1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins árið 2014

Hallbjörn Karlsson, formaður stjórnar félagsins, kynnti skýrslu stjórnar fyrir síðasta starfsár og fór yfir meginatriði úr starfsemi félagsins. Kom m.a. fram í máli hans að rekstur VÍS árið 2014 hafi gengið vel. Hagnaður eftir skatta hafi numið 1.710 milljónum króna og að eins og árið áður hafi bæði vátryggingastarfsemin og fjárfestingastarfsemin skilað hagnaði. Heildareignir samstæðunnar í lok árs væru rúmir 46 milljarðar króna og eigið fé samstæðunnar tæpir 16 milljarðar króna. Vátryggingaskuld félagsins væri traust og næmi rúmum 27,5 milljörðum króna.

Stjórnarformaður stiklaði á stóru um atburði ársins 2014. Að öðru leyti vísaði hann til ársskýrslu félagsins sem afhent var á fundinum. Hann upplýsti aðalfund um að upplýsingar um kjör forstjóra, framkvæmdastjóra og stjórnarmanna væri að finna á bls. 57 í ársskýrslu félagsins.

Þakkaði hann svo meðstjórnendum sínum, forstjóra og stjórnendum félagsins fyrir gott og árangursríkt samstarf á árinu. Færði hann svo starfsmönnum félagsins bestu þakkir stjórnar fyrir frábær störf.

## **2. Stjórnin leggur fram til afgreiðslu endurskoðaðan ársreiknings félagsins fyrir hið liðna ár**

Sigrún Ragna Ólafsdóttir, forstjóri félagsins, fór yfir ársreikning félagsins fyrir árið 2014.

Hagnaður ársins 2014 eftir skatta var kr. 1.710M samanborið við kr. 2.154M hagnað á árinu 2013.

Iðgjöld ársins námu kr. 16.023M samanborið við kr. 16.090M árið 2013. Eigin iðgjöld voru kr. 15.420M samanborið við kr. 15.447M árið 2013. Tjón ársins voru kr. 12.297M samanborið við kr. 12.667M árið 2013. Eigin tjón námu 12.119M samanborið við kr. 11.663M árið 2013.

Heildareignir félagsins þann 31. desember 2014 voru kr. 46.466M samanborið við kr. 46.368M þann 31. desember 2013. Eigið fé var kr. 15.956M en var kr. 16.624M þann 31. desember 2013. Vátryggingaskuld 31. desember 2014 var kr. 27.577M samanborið við kr. 27.083M 31. desember 2013.

Samsett hlutfall var 100,7% en var 97,8% á árinu 2013.

Hagnaður á hlut 2014 var kr. 0,69 samanborið við kr. 0,86 á hlut árið 2013.

Forstjóri fór einnig yfir fjárfestingastarfsemi félagsins á árinu, fjárfestingaeignir og –tekjur, hreyfingar ársins og ávöxtun eignasafnsins.

Enn fremur fór forstjóri yfir þróun gjaldpóls á árinu 2014 miðað við reglur Solvency II.

Þá fór forstjóri yfir þróun SPRON málsins, sem gerð er grein fyrir í skýringu nr. 28 í ársreikningi félagsins, og að samkomulag hefði náðst þann 27. febrúar 2015 um niðurfellingu málsins gagnvart VÍS. Stjórn félagsins hefði þ.a.l. samþykkt að leysa Klakka ehf. undan áskriftarloforði sínu og bankaábyrgð í tengslum við skaðleysi VÍS af málinu, enda ljóst að engin þörf væri lengur fyrir skaðleysið. Enginn kostnaður féll á VÍS vegna niðurfellingar málsins fyrir utan eigin málskostnað.

Forstjóri fór svo stuttlega yfir stefnu félagsins og áherslur stjórnenda í rekstri. Að lokum þakkaði forstjóri stjórn og stjórnendum fyrir gott samstarf á árinu, svo og starfsmönnum félagsins fyrir frábært starf.

Fundarstjóri lagði til að tillagan yrði tekin til umfjöllunar og afgreiðslu með dagskrárliðnum um ráðstöfun hagnaðar félagsins.

## **3. Ákvörðun um tillögu stjórnar um hvernig fara skuli með hagnað félagsins á reikningsárinu og greiðslu arðs**

Fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga stjórnar félagsins:

*„Stjórn félagsins leggur til að félagið greiði hluthöfum arð sem nemur kr. 1,03 á hlut fyrir árið 2014. Heildarfjárhæð arðgreiðslunnar er um 2.500 milljónir króna. Arðsákvörðunardagur er 12. mars 2015 sem þýðir að skráðir hluthafar í lok dags 16. mars 2015 (arðsréttindadagur) eiga rétt á arðgreiðslu. Arðleysisdagur er því 13. mars 2015 sem er fyrsti viðskiptadagur eftir arðsákvörðunardag og útborgunardagur er 9. apríl 2015.“*

Fundarstjóri gaf orðið laust um ársreikninginn, skýrslu stjórnar og tillögu stjórnar um ráðstöfun hagnaðar og útgreiðslu arðs. Enginn kvað sér hljóðs.

Hluthafar samþykktu ársreikninginn ásamt skýrslu stjórnar og tillögu um ráðstöfun hagnaðar og útgreiðslu arðs samhljóða.

#### 4. Tillaga um lækku hlutafjár vegna kaupa félagsins á eigin hlutum

Fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga stjórnar félagsins:

„Aðalfundur VÍS, haldinn 12. mars 2015, samþykkir að lækka hlutafé félagsins úr kr. 2.502.757.040 að nafnverði í kr. 2.438.480.516 að nafnverði, og að eigin hlutum félagsins að nafnverði kr. 64.276.524 sé þannig eytt.“

Að svo búnu gaf fundarstjóri orðið laust um tillöguna. Enginn kvað sér hljóðs.

Að svo búnu bar fundarstjóri tillöguna undir atkvæði hluthafa sem samþykktu hana samhljóða.

#### 5. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins.

Fyrir fundinum lágu eftirfarandi tillögur til breytinga á samþykktum félagsins:

A. Aðalfundur VÍS, haldinn 12. mars 2015, samþykkir að fella á brott núgildandi 2. gr. samþykktu félagsins þannig að eftirleiðis sé ekki getið um heimilisfang félagsins í samþykktum þess.

B. Aðalfundur VÍS, haldinn 12. mars 2015, samþykkir að varamenn í stjórn félagsins verði tveir samkvæmt heimild þess efnis í 1. mgr. 54. gr. laga nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi í stað fimm talsins og að 1. mgr. 16. gr. samþykktu félagsins orðist eftirleiðis með eftirfarandi hætti:

„Stjórn félagsins skipa fimm menn og tveir til vara. Stjórnarmenn skulu fullnægja þeim skilyrðum sem kveðið er á um í hlutafélagalögum og lögum um váttryggingastarfsemi.“

C. Vegna samþykkis aðalfundar VÍS, haldinn 12. mars 2015, á hlutafjárلækku í félaginu er samþykkt að 1. mgr. 4. gr. samþykktu félagsins orðist með eftirfarandi hætti:

„Hlutafé félagsins er kr. 2.438.480.516 – tveir milljarðar fjögur hundruð þrjátíu og átta milljónir fjögur hundruð og áttatíu þúsund og fimm hundruð og sextán krónur – og skiptist í jafnmarga hluti.“

D. Aðalfundur VÍS, haldinn 12. mars 2015, samþykkir að fella brott núgildandi 26. gr. samþykktu félagsins sem fjallar um heimild stjórnar til hlutafjárhækkunar í tengslum við mál slitastjórnar SPRON gegn félaginu.

Að svo búnu gaf fundarstjóri orðið laust um tillögurnar. Enginn kvað sér hljóðs.

Fundarstjóri bar tillöguna undir atkvæði hluthafa. Hluthafar sem fóru með 58,78% af hlutafé félagsins samþykktu tillöguna, 0% greiddu atkvæði gegn henni en 0% sátu hjá. Tillögurnar voru því samþykktar samhljóða á fundinum.

#### 6. Tillaga um heimild félagsins til að kaupa eigin hluti – endurnýjun heimildar

Á aðalfundardegi barst stjórn félagsins tillaga frá Gildi lífeyrissjóði um breytingu á tillögu stjórnar um kaup á eigin hlutum sem lögð hafði verið fyrir aðalfundinn og birt með auglýsingu þann 26. febrúar 2015. Á fundinum gerði Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins, grein fyrir breytingartillögunni og dró hluta hennar til baka. Tillagan hljóðaði því svo að lokinni breytingu (breytingartillagan skáletruð):

„Aðalfundur heimilaði stjórn félagsins að kaupa á næstu 18 mánuðum hluti í félaginu, í þeim tilgangi að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu og/eða til að setja upp formlega endurkaupaáætlun, þannig að það ásamt dótturfélögum þess eigi, að öðrum lagaskilyrðum fullnægðum, allt að 10% af hlutafé þess. Endurgjald fyrir keypta hluti skal ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta

eða hæsta fyrirliggjandi óháða kautilboði í Kauphöll Íslands, hvort sem er hærra. Slík kaup eru þó heimil ef þau eru gerð af viðskiptavaka skv. 116. gr. laga um verðbréfavíðskipti eða á grundvelli 1. tölul. 3. mgr. 115. gr. og 2. mgr. 119. gr. laga um verðbréfavíðskipti og reglugerða sem settar eru á grundvelli 118. og 131. gr. sömu laga.“

Fundarstjóri ákvað að um tillöguna yrði kosið með skriflegum hætti og var því gengið til skriflegrar atkvæðagreiðslu. Fundarstjóri gerði hlé á fundinum á meðan talning atkvæða fór fram.

Þegar niðurstaða lág fyrir hóf fundarstjóri fundinn aftur og gerði fundarmönnum grein fyrir niðurstöðunni sem var eftirfarandi: Hluthafar með atkvæðavægi að fjárhæð kr. 1.319.095.201 samþykktu tillöguna og hluthafar með atkvæðavægi að fjárhæð kr. 45.793.157 höfnuðu henni. Var tillagan því þannig breytt samþykkt á aðalfundinum.

## 7. Kosið í stjórn félagsins.

Fundarstjóri rakti að samkvæmt samþykktum félagsins væri stjórn skipuð fimm mönnum kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Þeir sem hygðust gefa kost á sér til setu í stjórn skyldu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti fimm sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Einn frambjóðandi dró framboð sitt til baka á aðalfundardegi.

Eftirtaldir aðilar gáfu því kost á sér til setu í stjórn félagsins:

### Aðalmenn

Ásta Dís Óladóttir

Bjarni Brynjólfsson

Guðrún Þorgeirsdóttir

Helga Jónsdóttir

Steinar Þór Guðgeirsson

### Varamenn

Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir

Davíð Harðarson

Fundarstjóri úrskurðaði, að þar sem aðrir hefðu ekki gefið kost á sér til setu í stjórn félagsins, að þau sem að framan greinir væru rétt kjörin í aðalstjórn og sem varamenn í stjórn félagsins til næsta aðalfundar.

## 8. Ákvörðun um þóknun til stjórnar og undirnefnda stjórnar

Tekin var á dagskrá eftirfarandi tillaga stjórnar félagsins um þóknun til stjórnar:

„Lagt er til að mánaðarleg stjórnarlaun verði kr. 350.000,- fyrir almennan stjórnarmann og kr. 600.000,- fyrir formann. Varastjórnarmenn fái greidda eingreiðslu að fjárhæð kr. 350.000,- í upphafi starfsárs og að auki kr. 100.000,- fyrir hvern fund sem þeir mæta á. Þóknun fyrir formennsku í endurskoðunarnefnd verði kr. 160.000 á mánuði en aðrir nefndarmenn fái kr. 80.000 á mánuði. Þóknun fyrir nefndarmenn í starfskjaranefnd verði kr. 50.000 fyrir hvern fund.“

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Kristján Geir Pétursson, forstöðumaður lögfræðideildar hjá Sameinaða lífeyrissjóðnum, tók þá til máls og óskaði eftir nánari útskýringu á þeim rökum sem stjórn hafði lagt fram um þá hækkun þóknunar til stjórnar sem tillagan gerði ráð fyrir.

Hallbjörn Karlsson, fráfarandi formaður stjórnar, útskýrði tillöguna nánar á fundinum. Ekki væri einungis um að ræða hækkun á þóknun heldur breytingu á fyrirkomulagi, þannig væri ekki lengur greitt sérstaklega fyrir aukafundi stjórnar umfram einn í hverjum mánuði. Tillagan tæki mið af umfangi og eðli rekstrar, vinnuframlagi og sértækri ábyrgð stjórnarmanna í váttryggingafélögum og væri í samræmi við önnur sambærileg skráð félög. Útskýrði hann enn fremur að á árinu 2014 hefðu breytingar á lögum um váttryggingastarfsemi gert það að verkum að sama stjórn gæti ekki verið í VÍS og Líftryggingafélagi Íslands hf. (Lífis) eins og verið hefði, en að laun stjórnarmanna sem hefðu setið í báðum stjórnunum hefði á þeim tíma ekki verið skipt milli félaganna í samræmi við stærð þeirra eða tekjur, heldur hafði önnur skipting verið notuð.

Að svo búnu bar fundarstjóri tillöguna undir atkvæði hluthafa sem samþykktu hana samhljóða.

## 9. Kosning endurskoðunarfélags

KPMG ehf., kt., 590975-0449, Borgartúni 27, 105 Reykjavík, var endurkjörð endurskoðunarfélag félagsins fyrir árið 2015.

## 10. Tillaga um starfskjarastefnu

Fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga stjórnar félagsins um starfskjarastefnu sem er samhljóða þeirri starfskjarastefnu sem samþykkt var á síðasta aðalfundi félagsins:

*„Stjórn félagsins leggur til við aðalfund félagsins að meðfylgjandi starfskjarastefna, sem er efnislega óbreytt frá síðasta aðalfundi, verði samþykkt.“*

Fundarstjóri las upp tillöguna og gaf orðið laust. Enginn tók til máls.


Fundarstjóri bar tillöguna undir atkvæði hluthafa sem samþykktu hana samhljóða.

## 11. Önnur mál löglega fram borin

Engar frekari tillögur lágu fyrir fundinum og gaf fundarstjóri orðið laust.

Guðrún Þorgeirsdóttir kvað sér til hljóðs og þakkaði Hallbirni Karlssyni, fráfarandi formanni stjórnar, f.h. sína hönd, svo og annarra stjórnarmanna, fyrir frábært samstarf á liðnum árum og óskaði honum velfarnaðar í framtíðinni.

Fundargerðin var lesin í lok fundar fyrir þá sem þess óskuðu. Engar athugasemdir bárust. Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 17:15.

  
Gunnar Sturluson hrl., fundarstjóri

  
Ólafur Luther Einarsson hdl., fundarritari

### Fundargögn:

Atkvæðaseðill  
Ársskýrsla félagsins  
Dagskrá fundar  
Ályktunartillögur stjórnar  
Bréf frá hluthafa um breytingu á samþykktum  
Starfskjarastefna